

## Fréttir

Jörmundur Ingi nýr allsherjargoði ásatrúarmanna:

# Hyggst gera ásatrúna sýnilegri almenningi

– „Sveinbjarnar-Edda“ verður gefin út í haust

Jörmundur Ingi var kjörinn allsherjargoði Ásatrúarfélagsins í leyningu atkvæðagreiðslu en talningu lauk nýlega hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík. Á kjörskrá voru 158 félagar og alls greiddu 94 atkvæði. Jörmundur hlaut 59 atkvæði, eða 63% greiddra atkvæða, og Haukur Halldórsson myndlistarmaður hlaut 34 atkvæði, eða 36% greiddra atkvæða. Einn seðill var auður.

Í samtali við DV sagðist Jörmundur vera feginn því að niðurstaðan skyldi hafa verið afgerandi, slæmt hefði verið ef meira en þriðjungur félagsmanna hefði verið á móti hon-

um. „Miðað við fyrri yfirlýsingar get ég vel við unað,“ sagði Jörmundur en eins og fram hefur komið í DV voru nokkuð hvassar skeytasendingar í gangi milli stuðningsmanna Jörmundar og Hauks Halldórssonar fyrir kjörið. Jörmundur segir engan ágreining vera á milli þeirra Hauks, hann hafi drukkið með honum kaffi í gærmorgun og allt í góðu þeirra í millum.

Jörmundur hefur ýmis áform uppi um starfsemi Ásatrúarfélagsins á næstunni þó hann segir þau ekki fela í sér stórbreytingar. Hann ætlar að gera starf Ásatrúarfélagsins sýni-

legra almenningi og erlendum ferðamönnum án þess að vera með nokkurt trúboð, eins og hann orðaði það. Finna á félaginu fastan samastað, gefa út bæklinga fyrir erlenda ferðamenn og halda vikulega fræðslufundi um félagið fyrir áhugasama svo eitthvað sé nefnt.

„Eitt er það sem ég hef áhuga á að gera. Það er að gefa út veglega bók í haust eftir handriti sem Sveinbjörn Beinteinsson var nýbúinn að klára þegar hann lést. Þetta er einhvers konar Sveinbjarnar-Edda,“ sagði Jörmundur.

Jörmundur Ingi er fæddur í

Reykjavík árið 1940. Hann lærði tæknifræði og arkitektúr og síðar höggmyndalist, málalist og málfræði. Í dag veitir hann forstöðu hestabúgarði í Litháen sem er með 100 íslenska hesta. Hann var einn af stofnendum Ásatrúarfélagsins árið 1973 ásamt Sveinbirni Beinteinssyni og Degi Þorleifssyni og hefur verið Reykjavíkurgóði félagsins undanfarin ár.

Jörmundur verður formlega settur inn í embætti allsherjargoða á Þingvöllum 23. júní í sumar.

## Ungfrú alheimur: Svala Björk ekki í efstu sætum

Svala Björk Arnardóttir, feðurdróttning Íslands 1993, varð ekki á meðal þeirra efstu í keppninni ungfrú alheimur sem fram fór í Manila á Filippseyjum sl. laugardag. Indversk stúlka að nafni Sushmita Sen bar sigur úr býtum og næstar komu feðurdróttningar frá Kólumbíu og Venesúela.


Fjótlega eftir keppnina fór Svala í ferðalag ásamt unnusta sínum, Fjölmi Þorgeirssyni, og tókst DV ekki að hafa uppi á þeim. Móðir Svölu, Bjarnfríður Jóhannsdóttir, heyrði aðeins í henni eftir keppnina.

„Svala var mjög ánægð en jafnframt mjög þreytt og hlakkaði til að fara í frí. Þetta var mjög erfið keppni, sérstaklega vegna veikindanna sem komu upp, ránstírauna og sprengjuhótana,“ sagði Bjarnfríður við DV.

Svala og Fjölmi koma til landsins eftir sumarfríð í byrjun júní.

## Hvítasunnan: Allir vildu hafa opið

Lögreglan í Reykjavík þurfti að hafa afskipti af allmörgum sjoppu- og kráareigendum um helgina sem vildu hafa opið þrátt fyrir að slíkt væri stranglega bannað þessa hátíðisdaga. Sumir sjoppueigendur töldu sig mega opna á miðnætti aðfaranótt mánudagsins en slíkt er ekki leyfilegt.



Árni Sigfússon borgarstjóri og Bryndís Guðmundsdóttir kona hans voru viðstödd opnun sýningar á íslenski samtalist á Kjarvalsstöðum um helgina. Alls eru það 30 listamenn sem taka þátt í sýningunni sem er liður á listahátíð 1994. Hér er Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, á tali við þau hjónin við opnunina.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóraefni R-listans, hafði í nógu að snúast um helgina enda aðeins nokkrir dagar til kosninga. Í gærðag heilsaði hún upp á og rabbaði við viðskiptavini Kolaportins. Sonur hennar, Sveinbjörn Hjörleifsson, tekur virkan þátt í kosningabaráttunni með móður sinni og á myndinni má sjá hann útteila kosningamerki R-listans. DV-mynd ÞÖK

## Sandkorn DV

## Áhuginn



Það er ekki hægt að segja að Akureyringar sýni kosningunum sem í hönd fara mikinn áhuga ef marka má t.d. fundarsókn þegar Ríkisútlit varpið á Akureyri efndi til opins fundar með frambjóðendum í Sjallanum á dögunum. Þar mætti nokkur hópur manna, eða réttara sagt „nokkrir hópar manna“. Málið var nefnilega það að flokkarnir voru með sína menn í hópum í salnum, þeir sátu saman og studdu sitt fólk. Einn frambjóðendanna hafði hins vegar á orði eftir fundinn að það hefði verið hálfþínlegt að sitja þarna uppi á sviðinu því í salnum hafi ekki verið einn einasti kjósandi sem ekki var hægt að eyrmerkja einhverjum flokkanna fjögurra.

## Fáir að kjósa?



Akureyringar voru með rétt um 70% þátttöku í síðustu kosningum og það hlýtur að vera athyglisverð spurning hvað valdi þessu mikla áhugaleysi Akureyringa á bæjarmálunum og kosningunum yfirleitt. Á ýmislegt má benda og ýmislegt skýrist þegar þessi mál eru rædd við þá sem til þekkja, nefnilega fólk sem er sjálf á framboðslistunum. Það er auðvitað með öðrum að fólk sem er í framboði bölvu og ragni rötum frambjóðenda á eigin lista, finni þeim flest til foráttu, en þannig er það nú samt. Ekkert mat skal á það lagt hér hvort framboðslistarnir eru svo illa skipaðir að bæjarbúar vilja ekki kjósa þá sem þar eru en eins og skýrt kom fram í könnun DV fyrir helgina hefur tæplega helmingur kjósenda á Akureyri annaðhvort ekki ákveðið hvað hann ætlar að kjósa, ætlar ekki að kjósa, eða neitar að gefa upp afstöðu sína til þeirra lista sem í boði eru. Ætli niðurstaðan verði sú að nú mæti aðeins um 60% Akureyringa á kjörstað?

## Engir hálfvitar



Það er mikið í tisku meðal frambjóðenda að „höfða til ungu kjósendanna“, þeirra sem eru að kjósa í fyrsta skipti. Ekki eru þó allir ungir kjósendur ánægðir með það að til þeirra skuli frekar höfðað sérstaklega en t.d. til ellilífeyrisþega, öryrkja eða miðaldra kjósenda. Ungur kjósandi á Akureyri, sem skrifaði um þetta í síðustu viku, lét einn flokkinn þar t.d. hafa það óþvegið sem svar við einhverju dreifiritinu og kórónaði allt með að segja að sennilega segði áhugaleysi ungra kjósenda meira um frambjóðendurnar en þá sjálfa.

## Titill í Júragarðinn?



Í deildar keppnin í knattspyrnu hófst í gær og sem fyrr er pressan mest á þeim röndóttu úr vesturbænum, KR-ingum. Þeir hafa ekki unnið Íslandsmeistarattitilinn í 25 ár og margir hafa gengið bognir frá því verki að færa „mafjunn“ titilinn eftirsóttá. Þetta gamla stórveldi má svo sannarlega muna sinn fífl fegri þegar Íslandsmeistarattitlar karla eru annars vegar. Er svo langt um liðið síðan að KR-ingar sigruðu síðast að í fyrra var svæði KR við Kaplaskjólsvægi skírt upp. Þangað til KR vinnur Íslandsmeistarattitilinn verður svæðið kallað „Júragarðurinn“ manna á milli.

Hans Ragnar Þór, einn eigenda báts sem varð bensínlaus úti fyrir Snæfellsnesi:

## Vissum ekki að hann eyddi svona miklu

„Við sigldum að Búðum þar sem við vorum að skemmta okkur á laugardagskvöldið. Síðan var stefnan sett á Ólafsvík til að taka bensín áður en við héldum til Reykjavíkur. Hins vegar dugði ekki bensínið sem við höfðum þangað,“ sagði Hans Ragnar Þór, einn fjórmenninganna sem voru á bensínlausum hraðbát úti fyrir Snæfellsnesi á sunnudag, við DV.

Þeir félagarnir höfðu keypt bátinn, sem er nítján fet, fyrir helgi og hugðust prófa hann í þessari fyrstu ferð. Þeir áttuðu sig ekki á hversu miklu

báturinn eyddi af bensíni. „Við vorum með um 130 lítra með okkur en það dugði ekki,“ sagði Hans.

Aðeins liðu um fimmtán mínútur frá því að báturinn varð bensínlaus og þar til hann var tekinn í tog af nærliggjandi báti, Nirði frá Keflavík.

„Vissulega brá okkur. Við létum bátinn fyrst reka en settum síðan út akkeri og vonuðumst eftir hjálp enda höfðum við séð báta þarna í kring. Veðrið var gott þannig að við vorum ekki í mikilli hættu,“ sagði Hans. Fjórmenningarnir hafa ekki áður

sigt og voru því algjörlega óvanir. Að sögn Hans voru þeir allir í björgunarbátum. „Við erum mjög skömmustulegir yfir þessu og höfum lært af reynslunni.“

Talstöð var um borð en ekki nógu sterk og sagði Hans að þeir myndu bæta úr því áður en haldið yrði í næstu ferð. „Við héldum að þessi talstöð myndi duga í ferðina.“

Lögreglan í Ólafsvík lét Tilkynningaskylduna vita af ferðum ungu manna en þeir fóru þaðan og var búist við að ferð þeirra til Reykjaví-

ur tæki sex tíma. Þegar þeir skiluðu sér ekki á réttum tíma var farið að svipast um eftir þeim. Báturinn varð hins vegar aftur bensínlaus í höfninni á Akranesi snemma í gærmorgun. Þeir útveguðu sér bensín og komust loks heilu og höldnu til Reykjavíkur. Fjórmenningarnir vissu ekki að þeir ættu að láta vita af sér á Akranesi. „Við tilkynntum okkur strax og við komum til Reykjavíkur. Við erum reynslunni ríkari og teljum að fall sé fararheill. Þetta gengur bara betur næst,“ sagði Hans.